

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 21

Dags: 09.07.2025 kl. 18:00

Fundur númer: 221

Mætt: Hilmar, Jóhann, Marinó, Þorgerður, Valdimar og Alexander. Einnig sátu fundinn Sara, rekstrarstjóri og Benjamin framkvæmdarstjóri.

Dagskrá

1. Innbyrðis kjör stjórnar í embætti
2. Skil á ársreikningum
3. Húsnæðismál
4. Félagsstarf
5. Leiðauppsetning og utanumhald
6. Önnur mál

Yfirferð fundar

1. Kjör í embætti stjórnar
 - a. Fundur tilnefnir Jóhann sem varaformann
 - i. Samþykkt
 - b. Fundur tilefnir Þorgerði sem gjaldkera
 - i. Samþykkt
 - c. Fundur tilnefnir Marinó sem ritara
 - i. Samþykkt
 - d. Fundur tilnefnir Emil sem fulltrúa ungs fólks
 - i. Samþykkt
 - e. Fundur tilnefnir Valdimar sem fulltrúa stjórnar í Boltasjóðsnefnd
 - i. Samþykkt
2. Skil á ársreikningum
 - a. Ársreikning hefur verið skilað
3. Húsnæðismál
 - a. Toppstöðin
 - i. Almennar umræður um gang mála, samningsgerð í gangi hjá Reykjavíkurborg, áður en útboð er haldið og bundnar vonir við að málin fari að skýrast betur á næstu mánuðum.
 - b. Ármúli 23

- i. Umræður um endurnýjun veggja í Ármúla 23, ákveðið að skipta um það sem brýn þörf er á. Beðið með frekari endurnýjun þar til frekari niðurstöður um framtíðarhúsnæði liggja fyrir.
 - ii. Rætt um möguleika á því að setja upp vatnsvél.
 - 1. Starfsmenn og iðkendur geta fengið sóðavatn og vatn. Ákveðið að kanna kostnað varðandi slíkt.
 - iii. Þörf á umbótum varðandi þrif í húsinu
 - 1. Rætt um möguleika að setja upp lista inni á baðherbergi þar sem starfsmenn kvitta á eftir þrif
 - iv. Sturtur
 - 1. Búið að skipta um blöndunartæki, komnar í lag.
 - v. Umgengni iðkenda
 - 1. Mikið um að fólk fylgi ekki reglum, hefur borið á því að fólk sitji á dýnum, standi undir öðrum klifurum.
 - a. Þörf á að skerpa á þessu, rætt um aðgengilegar leiðbeiningar, hugsanlega myndrænt.
 - c. Miðgarður
 - i. Rætt um möguleika á að leggja fjármagn í Miðgarð til frekari framkvæmda í húsnæðinu, grjótglimuveggur eða álíka.
 - ii. Öryggismál
 - 1. Þörf á umbótum varðandi öryggi, hefur borið á því að börn séu að klifra upp vegginn án tryggingar.
 - a. Setja upp grindverk og frekari merkingar um að óheimilt sé að klifra án viðeigandi öryggisbúnaðar.
 - d. Ármúli 21
 - i. Umræður um slæma umgengni í húsinu.
4. Félagsstarf
- a. Hugmyndir um félagskvöld fyrir iðkendur
 - i. Miðnæturlifur, kvikmyndakvöld og annarskonar félagsstarf
 - 1. Kvikmyndakvöld áætlað í september
 - ii. Stungið upp á kvennakvöldi fyrir kvenniðkendur
 - b. Hugmyndir um fræðslu fyrir starfsfólk
 - i. Brunavarnir, öryggismál og önnur fræðsla.
 - c. Ferðir erlendis
 - i. Rætt um möguleika á því að fjölmenna í klifurferðir erlendis, ekki á ábyrgð KFR.
5. Leiðauppsetning og utanumhald
- a. Umræða um leiðauppsetningu
 - i. Hefur borið á því að hópur iðkennda sé óánægður með leiðauppsetningu og að gert sé ákall til eldri tíma í leiðauppsetningu
 - b. Hugmyndir um umbætur að hætta að notast við V-gráður
 - i. Hætta að notast við V-gráður eins og klifurhús erlendis hafa verið að gera
 - ii. Bæta við fleiri litum á teipum
 - iii. Fræða fólk um notkun á „spray veggnum“, hugmyndir um fræðslukvöld
6. Önnur mál

- a. Kanna möguleika á því að taka upp aðra kennitölu
 - i. Ákveðið að kanna hvort hagkvæmara sé að vera með fleira en eina kennitölu, eina sem snýr m.a. að húsnæðisrekstri og önnur sem snýr að rekstri íþróttafélagsins, þ.e. þess hluta sem snýr t.a.m. að æfingar- og félagsgjöldum. Hugsanlega hagkvæmt skref þar sem íþróttafélög eru að hluta til undanþegin virðisaukaskattskyldu.

Fundi slitið: 19:31,

Fundarritari: Marínó